

Fundargerð ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið

1. fundur – miðvikudaginn, 24. mars kl. 11.30-13.00 í Apótekinu, Hafnarborg.

Mættir: Andri Ómarsson (Hafnarfjarðarbær), Ármann Kr. Ólafsson (Kópavogur), Hulda Hauksdóttir (Garðabær), Hugrún Ósk Ólafsdóttir (Mosfellsbær), María Björk Óskarsdóttir (Seltjarnarnes), Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (Reykjavíkurborg), Þórir Garðarsson (FSH), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Kjartan Sigurðsson (SVP), Páll Björgvin Guðmundsson (SSH), Jón Kjartan Ágústsson (SSH) og Inga Hlín Pálsdóttir (SSH). Fundarritari: Inga Hlín Pálsdóttir, ráðgjafi

Þetta gerðist:

Inngangur og forsaga

Páll Björgvin, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, fór yfir forsögu verkefnisins. Verkefnið er hluti af sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins og rýmar við áherslur svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Kynning á ráðgjafahópi og verkefninu

Ráðgjafahópurinn kynnti sig. Aðilar frá sveitarfélögunum sögðu einnig frá stöðu ferðamála í sínum sveitarfélögum og áhuga á samstarfinu. Aðilar frá atvinnulífinu listu yfir ánægju með að verkefnið væri farið af stað og hversu lengi væri búinn að vera áhugi á því að stofna slíka stofu í samstarfi með atvinnulífinu.

Inga Hlín fór síðan yfir verkefnið og tilgang þess en verkefnið er að móta samstarf og skipulag um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir allt höfuðborgarsvæðið með þátttöku stjórnvalda, sveitarfélaga, atvinnulífsins og annarra hagaðila eins og við á. Verkefnið hefur það markmið að efla samstarf sveitarfélaga og atvinnulífs um ferðamál á höfuðborgarsvæðinu.

Á þessum tímapunkti erum við í 1. áfanga þess þar sem unnið er með sérstökum ráðgjafahópi við að móta og greina hvernig samstarfinu skuli háttað.

Áfangastaða- og markaðsstofa

Inga Hlín fór yfir hlutverk áfangastaða- og markaðsstofa og þróun þeirra. Hún kynnti einnig þá vinnu sem farið hefur fram hjá Reykjavíkurborg á tímabilinu ágúst 2020-janúar 2021 sem leggur ákveðinn grunn fyrir þá vinnu sem ráðgjafahópurinn er að fara í.

Tímalína verkefnis

Inga Hlín fór yfir tímalínu verkefnisins og tillögu að næstu fundum. Athugasemdir komu við tímasetningar og verða þær uppfærðar.

Umræður og næstu skref

Umræður voru þörf á áfangastaða- og markaðsstofu og hvort verið væri að bæta við flækjustig í stoðkerfi ferðapjónustunnar. Ákveðið var að farið yrði yfir stoðkerfið á næsta fundi ásamt því að fá erindi frá annarri áfangastaða- og markaðsstofu.